



Bæjarstjórn Blönduósbæjar 20. FUNDUR – 11. desember 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 20. fundar þriðjudaginn 11. desember 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Einar Kolbeinsson ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2008 – fyrirtæki og stofnanir - síðari umræða
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun
3. Fundargerð samráðshóps sveitarfélaga í A-Hún
4. Fundargerð bæjarráðs frá 29. nóvember.
5. Fundargerð framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar frá 20. nóvember.
6. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 5. desember.

Afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun 2008 – fyrirtæki og stofnanir- síðari umræða.

Lögð var fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2008. Miklar umræður urðu um einstaka liði áætlunarinnar. Valdimar Guðmannsson lagði fram svohljóðandi tillögu og óskaði eftir að nafnakall yrði viðhaft við afgreiðslu hennar:

Bæjarfulltrúar D- og Á-lista ítreka tillögu sína sem lögð var fram á fundi bæjarráðs 29. nóvember sl. um að laun bæjarstjórnar hækki ekki um meira en 3% frá næstu áramótum.
Undir tillögunu rita Valdimar Guðmannsson, Kári Kárason og Sigurlaug Markúsdóttir.

Forseti bar tillögunu undir atkvæði:

Já sögðu: Kári Kárason, Sigurlaug Markúsdóttir og Valdimar Guðmannsson.

Nei sögðu: Valgarður Hilmarsson, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Zophonías Ari Lárusson. Tillagan var því felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Óskað var svohljóðandi bókunar:

Meirihluti bæjarstjórnar Blönduósbæjar telur að sveitarstjórnarmenn eigi að hafa þann metnað að þóknar til fulltrúa í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins séu sambærilegar við það sem gerist í nágrannasveitarfélögum.

Undir bókunina rita: Valgarður Hilmarsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jóna Fanney Friðriksdóttir, og Zophonías Ari Lárusson

Því næst bar forseti fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 undir atkvæði og var hún samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sátu hjá.

2. Þriggja ára fjárhagsáætlun.

Forseti kynnti áætlunina og upplýsti að ekki væri búið að taka tillit til fjárfestinga í henni, en umræða þar um þyrfti að fara fram í bæjarráði.

Svohljóðandi tillaga kom fram:

Undirrituð leggja til að áður en þriggja ára fjárhagsáætlun verði afgreidd láti bæjarstjóri í samráði við bæjarráð vinna upp vandaða 3 – 5 ára framkvæmdaáætlun fyrir sveitarfélagið. Þar verði meðal annars tekið tillit til gatnagerðar, endurnýjunar lagna, viðhalds eigna, skóladagheimilis, skólamótuneytis og íþróttamannvirkja svo eitthvað sé nefnt.

Undir tillögunu rita Valdimar Guðmannsson, Kári Kárason og Sigurlaug Markúsdóttir.

Forseti bar tillögunu undir atkvæði og var hún samþykkt með sjö atkvæðum samhljóða.

Að loknum umræðum var samþykkt að vísa fyrirliggjandi þriggja ára áætlun til síðari umræðu.



3. Fundargerð samráðshóps sveitarfélaga í A-Hún.

Forseti kynnti fundargerðina og þá vinnu sem farið hefur fram síðan Blönduósþé sagði upp samstarfi um héraðsnefnd. Miklar umræður urðu um málið og eftirfarandi bókun lögð fram:

Á fundi bæjarstjórnar þann 1. október sl. ákvað bæjarstjórn Blönduósþéjar að segja upp samningi við Héraðsnefnd A-Hún en lýsti yfir vilja til að ganga til samninga um stofnun byggðasamлага um ákveðin verkefni sé fyrir því áhugi af hendi aðildarsveitarfélaga.

Bæjarstjórn Blönduósþéjar óskar eftir afstöðu aðildarsveitarfélaga með eftirfarandi málaflókka:

- Ø Áframhaldandi samrekstur um Tónlistarskóla A-Hún og að hann verði áfram rekinn með óbreyttu sniði á þremur stöðum í héraðinu. Stofnað verði byggðasamlag um reksturinn og aðildarfélag tilnefni aðila í stjórn skólans.*
- Ø Að Skólaþjónusta A-Hún verði samrekin með Félagsþjónustu A-Hún sem nú þegar er rekin í sér byggðasamlagi af öllum aðildarsveitarfélögum. Sama stjórn yfirtaki málaflökkinn.*
- Ø Héraðsskjalasafnið verði rekið með svipuðu sniðu og nú er. Stofnað verði byggðasamlag um reksturinn.*

Bæjarstjórn óskar svara við ofangreindu frá hreppsnefndum Húnavatnshrepps, Skagastrandar og Skagabyggðar eigi síðar en 20. janúar 2008 þar sem sveitarfélagið þarf ella að gera aðrar viðeigandi ráðstafanir varðandi rekstur ofangreindra málaflókka.

Undir bókunina rita allir kjörnir fulltrúar sem fundinn sátu: Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Kári Kárasón, Sigurlaug Markúsdóttir, Valdimar Guðmannsson, Valgarður Hilmarsson, og, Zophonías Ari Lárússon

4. Fundargerð bæjarráðs frá 29. nóvember.

Fundargerðin sem er í 12 liðum, kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Því næst var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

5. Fundargerð framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar frá 20. nóvember.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Bæjarstjórn óskar eftir kynningu á málinu á næsta bæjarstjórnarfundum.

Svohljóðandi tillaga koma fram:

Undirritaður leggur til að framkvæmdum við byggingu sundlaugar verði frestað til ársins 2009. Undirbúningsvinnu verði haldið áfram og til hennar vandað þannig að hægt verði að bjóða verkið út í einu lagi í ársbyrjun 2009. Sumarleyfi nemenda verði nýtt til framkvæmda eins og kostur er og lágmarka þannig slyshættu nemenda.

Undir tillöguna ritar Valdimar Guðmannsson

Tillagan var borin upp, einn var samþykktur, fjórir á móti og tveir sátu hjá. Tillagan var því felld.

Því næst var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með sjö atkvæðum samhljóða.

6. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 5. desember.

Fundargerðin sem er í 3 liðum, kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Afgreiðslu fundargerðarinnar frestað.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:55

*Valgarður Hilmarsson (sign.)
Zophonías Ari Lárússon (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Kári Kárasón (sign.)
Sigurlaug Markúsdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Arnar Þór Sævarsson (sign.)*

Einar Kolbeinsson (sign.)